



2. fundur velferðarnefndar
F26-08-077

Velferðarnefnd Fundargerð

Fundur haldinn þann 21.9.2026, 13:00 – 15:15. Staðsetning fundar: Húnabraut 5.

Fundarstjóri: Ragnhildur Haraldsdóttir
Ritari: Sara Lind Kristjansdóttir
Fundinn sátu: Ásdís Ýr Arnardóttir aðalmaður
Linda Björk Ævarsdóttir aðalmaður
Elín Ósk Gísladóttir aðalmaður
Jenný Lind Gunnarsdóttir varamaður
Eydís Inga Sigurjónsdóttir áheyrnarfulltrúi

1. M26-09-617 - Erindi til velferðarnefndar

Erindi frá Jennýju Lind Gunnarsdóttur

Jenný vikur af fundi 13:06.

Rætt um mikilvægi þess að sett verði á fót stuðningsteymi sem vinnur þvert á skóla og velferðarsvið. Félagsmálastjóri og ÁYA vinna málið áfram og vísa erindinu til fræðslunefndar.

Það er alltaf áskorun að manna stuðningsþjónustu á haustin vegna breytinga á stuðningsþörf. Í sumar gekk vel að manna stuðningsþjónustu að mestu leiti. Það er áskorun að fá fólk í hlutastörf en unnið er að áætlun til að búa til 100% stöður með von um betri samfellu í þjónustu.

Jenný kemur aftur inn á fund 13:30

2. M26-09-629 - Fyrirspurn starfsbrautar Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra (FNV) vegna Erasmus ferðar

Fyrirspurn til velferðarsviðs Húnabyggðar frá Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra

Velferðarnefnd tekur jákvætt í erindið og felur félagsmálastjóra að afla frekari upplýsinga og vinna málið áfram.

3. M26-09-627 - Endurbætur á íbúðum í Hnitbjörg

Umræður um hvort mögulega þurfi að ráðast í þær aðgerðir að skipta út sílenderum á íbúðum í Hnitbjörg

Velferðarnefnd tekur undir mikilvægi þess að farið verði í breytingar varðandi lyklamál og póstbox. Auk þess kom til umræðu að gera sameiginleg rými meira aðlaðandi til að draga úr félagslegri einangrun íbúa. Málinu er vísað til byggðaráðs.

4. M26-09-626 - Virkniúrræði fyrir fólk utan vinnumarkaðar

Tillaga að úrræði fyrir fólk utan vinnumarkaðar

Velferðarnefnd tekur jákvætt í erindið. Félagsmálastjóra falið að vinna málið áfram.

5. M26-08-488 - Reglur um skólavist utan lögheimilissveitarfélags

Máli vísað til umsagnar hjá nefndinni, er í vinnslu hjá byggðarráði.

Velferðarnefnd ítrekar mikilvægi þess samkomulags sem gert var við sameiningu Skagabyggðar og Húnabyggðar um skólavist barna með lögheimili í fyrrum Skagabyggð, sbr. 3.gr. F liður fyrirbyggjandi reglna.

Málinu vísað til byggðaráðs.

6. M26-09-625 - Reglur Húnabyggðar um stuðnings- og stoðþjónustu

Vinnsla á nýjum reglum Húnabyggðar um stuðnings- og stoðþjónustu

Félagsmálastjóra falið að vinna málið áfram.

7. M26-09-628 - Leiðarlínur

Leiðarlínukerfi eru til að skapa gott aðgengi fyrir blinda og sjónskerta.

Erindi frestað. Óskað eftir frekari upplýsingum.

8. M26-08-481 - Samstarf Vinnumálastofnunar og sveitarfélaga í málefnum innflytjenda og flóttafólks

Erindi vísað til nefndarinnar frá byggðarráði.

Umræður urðu um mikilvægi inngildingar fólks af erlendum uppruna.

Erindi lagt fram til kynningar.

9. F26-09-089 - 12. fundur öldungaráðs

Fundargerð öldungaráðs lögð fram til kynningar - er þó enn óundirrituð en það er í vinnslu

Erindi lagt fram til kynningar.

10. M26-09-630 - Önnur mál velferðarnefndar

Umræður sköpuðust um að akstursþjónustu innan sveitarfélagsins. Kynna þarf reglur og gjaldskrá bæði inn á heimasíðum sveitarfélagsins sem og með dreifibréfi til að gera þjónustuna aðgengilegri fyrir íbúa.